

Vantar sálina

Íslensk plötuútgáfa að sumarlagi er sífellt að þynnast og minnka að gæðum. Yfirleitt eru þetta plötur sem ætlað er að styðja við bakið á yfirreið viðkomandi hljómsveita um félagsheimili landsins. Innihaldið er léttmeti af einföldustu gerð; svonefndir sumarsmellir sem allir eiga að sjálfsgöðu að komast í efstu sæti vinsældalistanna.

Sálin hans Jóns míns er ein þessara hljómsveita sem gert hefur út á ofangreindan markað og náð býsna góðum árangri að mér skilst. Og auðvitað verður að gefa út plötu og ein-

hverra hluta vegna er hún í fullri lengd, sem fátítt er um þessar sveitaballaplötur. Innihaldið gefur þó ekki til kynna að ástæða hafi verið til að þenja það upp í LP plötu; helmingur plötunnar er erlendir slagarar teknir upp á Hótel Akranesi og í Biókjallar- anum. En það má svosum segja að þetta sé sýnishorn af því sem væntanlegir ballgestir mega búast við og því kannski ekki vert að vera að hnýta í þetta þó um augljósa uppfyllingu sé að ræða.

Öll þessi erlendu lög eru það sem kallað er soul-tónlist en það er ein-

mitt sú tónlistarstefna sem hljómsveitin ku hafa að leiðarljósi eins og reyndar nafn hennar gefur til kynna.

Fyrri hlið plötunnar er hið eiginlega efni hennar; þrjú frumsamin lög eftir liðsmenn sálarinnar plús eitt gamalt lag sem hljómsveitin Grafik flutti og gerði vinsælt á sínum tíma. Þá var lagið dúndur rokklag sem það er enn því ekki verður það að soul-lagi þó einhverjum blásurum sé bætt inn í. Blásararnir eru reyndar að þvælast í öllum þessum fjórum lögum, með misjöfnum árangri og oft hefðu þeir betur mátt eiga frí.

Frum sömdu lögin þrjú eru eftir þá Guðmund Jónsson gítarleikara, Jón Ólafsson hljómborðsleikara og Rafn Jónsson trommuleikara og á hver sitt lag. Lag Guðmundar, Á tjá og tundri, hefur náð miklum vinsældum enda þrælgott lag og ber reyndar af öðrum lögum á plötunni. Hefði ekki veitt af að hafa eitt eða tvö lög í viðbót í sama klassa á plötunni til að ná henni upp úr meðalmennskunni.

-SpS-